

FW: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - umsóknarfrestur

Til : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Hjördís Þráinsdóttir
Heiti : FW: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - umsóknarfrestur
Málsnúmer : 2017090091
Málsaðili : Framkvæmdasjóður ferðamannastað
Skráð dags : 28.09.2017 18:42:13
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

From: Guðjón Bragason [mailto:guðjon.bragason@samband.is]
Sent: 28. september 2017 11:48
Cc: Halldór Halldórsson ; Karl Björnsson
Subject: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - umsóknarfrestur
Importance: High

Til allra framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Ég vil biðja ykkur að koma neðangreindum skilaboðum frá umhverfisráðuneytinu og Ferðamálastofu á framfæri við þá starfsmenn sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og markaðsstofa sem annast gerð umsókna um styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Einnig eiga skilaboðin erindi til félagasamtaka og einkaaðila sem annast umsjón ferðamannastaða í ykkar sveitarfélögum/svæðum.

Jafnframt er minnt á að umsóknarfrestur um styrki er til 25. október nk. [Á heimasíðu Ferðamálastofu](#) kemur m.a. fram að:

„Sérstök áhersla er lögð á fjölgun viðkomustaða ferðamanna í úthlutun fyrir árið 2018. Í úthlutuninni er lögð áhersla á styrkumsóknir sem miða að því að fjölga viðkomustöðum ferðamanna, dreifa þar með álagi af ferðamönnum og efla ferðamennsku á minna sóttum svæðum. Gæðamat sjóðsins mun taka mið af þessari áherslu og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér [nýtt gæðamatsblað sjóðsins](#)“.

-
Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er Halldór Halldórsson en frekari upplýsingar um starfsemi framkvæmdasjóðsins veita starfsmenn Ferðamálastofu.

F.h. sambandsins,
Guðjón Bragason

From: Dagný Arnarsdóttir [mailto:dagny.arnarsdottir@uar.is]
Sent: 28. september 2017 10:37
To: Guðjón Bragason <guðjon.bragason@samband.is>
Cc: Jón Geir Pétursson <jon.g.petursson@uar.is>
Subject: Landsáætlun og Framkvæmdasjóður

Sæll Guðjón,

Okkur barst erindi frá Ferðamálastofu. Starfsmenn hennar hafa orðið varir við að fulltrúar sveitarfélaga telji að ekki sé hægt að sækja um verkefni í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða sem séu í drögum að skammtímaáætlun eða

verði á verkefnaáætlun þegar drög hennar fara í kynningu.

Það væri gott að Sambandið myndi hnykkja á við sveitarfélög/einkaaðila að það borgi sig að sækja um í FF fyrir 25. okt fyrir brýn verkefni vegna næsta árs, jafnvel þó að það kæmi síðar í ljós að þau væru hluti af landsáætlun. Komi í ljós að styrkt verkefni séu á verkefnaáætlun landsáætlunar fyrir 2018-2020 mun FF þá vinsa þau út fyrir útgreiðslu styrkja. Þriggja ára verkefnaáætlun er ekki eins bundin af nýju þingi og stefnumarkandi áætlunin og tekur sú fyrrnefnda gildi við undirskrift ráðherra. Fjárlög munu þó væntanlega hafa áhrif á umfang og tímaása verkefna á áætluninni. Að framansögðu væri umsókn sveitarfélaga/einkaaðila í FF afar hyggileg varúðarráðstöfun.

Bkv.

Dagný Arnarsdóttir, sérfræðingur

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland.

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing